

Innra mat Breiðholtsskóla

2025-2026



Inngangur

Í þessari samantekt/skýrslu er gerð grein fyrir innra mati Breiðholtsskóla 2025-2026. Sett er fram langtímaáætlun til 5 ára, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en teymi um innra mat leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteyminu eru aðstoðarskólastjóri, list- og verkgreinakennari, umsjónarkennari á yngsta stigi, faggreinakennari á unglingastigi og kennari á miðstigi. Teymið fundar að meðaltali einu sinni í mánuði.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar matinu. Þau eru sett upp í langtímaáætlun (3-5 ára) og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með innra mats teymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennskuteymi skólans. Leiðsagnarnám, niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru einnig hluti af innra mati skólans.

Matsáætlun

Gæðaviðmið- þeir þættir sem liggja til grundvallar.

Langtímaáætlun					
	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Námsárangur nemenda					
Lesfimiþróf 1.-10. bekkur	X	X	X	X	X
Matsferill, lesskilningur og stærðfræði 5. – 10. bekkur		X	X	X	X
Lesskimun 1. bekkur	X	X	X	X	X
Orðarún 3.-8. bekkur	X				
Lesmál 2. bekkur	X	X	X	X	X
Viðhorfskannanir: Viðhorf og líðan					
Íslenska æskulýðsrannsóknin: Viðhorfskönnun nem.	X		X		X
Rannsókn og greining: Viðhorfskönnun nemenda		X		X	
Skólapúlsinn: Viðhorfskönnun nemenda	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Forelðrakönnun	X		X		X
Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis					
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun			X		
Faglegt samstarf og samræða		X			X
Tengsl við forelðra og aðra í skólasamfélaginu	X		X		
Umbætur og innleiðing breytinga	X		X		
“Vinnulag verklagsreglur og áætlanir”		X		X	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	X		X		X

Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks	X		X		X
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá		X		X	
Árangur náms	X	X	X	X	X
Gæði kennslu	X	X	X	X	X
Skipulag náms		X		X	
Námsvitund			X		X
Ábyrg og þátttaka			X		X
Menntastefna Reykjavíkur	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X				
Sjálfsefning		X			
Heilbrigði			X		
Læsi				X	
Sköpun					X
Aðrir áherslupættir skóla					
Leiðsagnarnám innleiðing aðferða		X			
Fjármál innan heimilda	X	X	X	X	X
Aðbúnaður nemenda og starfsmanna		X		X	

Áætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Viðfangsefni	Markmið (Ef við á: Hægt að vísa beint í skólanámskrá, aðalnámskrá, menntastefnu eða annað sem tilgreinir markmið með þessum þætti)	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Dæmi:					
Gæði kennslustunda. Kafli 2.3. í gæðaviðmiðum	Sjá markmið í skólanámskrá. (Nemendur vita markmið kennslustundar)	Innlit í kennslustundir/ Vettvangs-heimsókn stjórnenda.	Janúar -apríl	Stjórnendur	Í 80% kennslustunda er nemendum gerð grein fyrir markmiðum.
Líðan nemenda	Sjá markmið um líðan nemenda í skólanámskrá.	Spurningakönnun lögð fyrir nemendur (ÍÆ og RogG)	Nóv. og mars	Skólastjórnendur	Vera fyrir ofan landsmeðaltal
Árangur náms Kafli 2.2. í gæðaviðmiðum	Sjá markmið um árangur nemenda í skólanámskrá	Lesfimiþróf	September-janúar- maí	Umsjónarkennarar og stjórnendur	Lesfimiþmið - sjá skólanámskrá.
Nám og kennsla	Samkvæmt gæðaviðmiðum grunnskóla.	Innlit í kennslustundir og samtali við kennara. Matsfundir	Febrúar og mars.	Skólastjórnendur	Gæðalýsing á umbótum og innleiðingum breytinga (í gæðaviðmiðmiðum um grunnskóla). Allir þættir í A eða B.
Stjórnun og fagleg forysta.	Samkvæmt gæðaviðmiðum grunnskóla.	Greininga gagna. Matsfundur.	Apríl.	Stjórnendur	Gæðalýsing á umbótum og innleiðingum breytinga í gæðaviðmiðum um grunnskóla. Allir þættir í A eða B.
Líðan og viðhorf starfsfólks	Sjá markmið um líðan starfsfólks í skólanámskrá.	Spurningakönnun til starfsfólks.	Janúar.	Matsteymi	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.

Greinagerð – skólaárið 2025-2026

Í eftirfarandi greinagerð verður gerð grein fyrir þeim matsþáttum sem voru sérstaklega rýndir á skólaárinu.

- Námsárangur
- Námsmat
- Lesfimi MMS_ rýna niðurstöður – styrkleika og veikleika

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að rýna til gagns. Niðurstöður matsferils koma ágætlega út miðað við að flest allir nemendur þreyttu prófin óháð félagslegum eða menningarlegum bakgrunni. Samhljómur var meðal fagmanna skólans og foreldra um að nýta prófin í 5. – 9. bekk til að átta sig betur á stöðu nemenda miðað við landsmeðaltal.

Meðaltals niðurstöður úr lesfimi í maí er í langflestum hópum 9 og 8 í einstaka hópum en það telst svipað og frammistaða jafnaldra á landsvísu. Lesskilningur nemenda kom ánægjulega á óvart miðað við að 60% nemenda tala íslensku sem annað mál. Þar voru flestir hópar með 8 að meðaltali, einn hópur skar sig úr með 7 en þar eru mjög hátt hlutfall af nemendum sem hafa komið til landsins fyrir 4 árum eða skemur. Þetta telst mjög góður árangur miðað við samsetningu nemendahópsins. Í stærðfræði var meiri dreifing á hópunum en meðaltalið dreifðist jafnt frá 8 – 10.

Tækifæri til umbóta:

Áfram verður unnið markvisst að því að efla kennslu í stærðfræði og vinna með gagnreyndum aðferðum PALS í lestri. Auk þess verður unnið að þróunarverkefni í samstarfi við aðra skóla í hverfinu að innleiðingu PALS – Starri (Starling) orðaforðavinnu. Hér er einnig tækifæri til að nýta leiðsagnarnám í öllum árgöngum með markvissri endurgjöf.

Viðhorfskannanir: Viðhorf og líðan nemenda

Skólapúlsinn, Íslenska æskulýðsrannsóknin, líðankannanir, nemendastýrð viðtöl, skólaráð, bekkjarfundir. Þetta eru allt dæmi um vettvang þar sem nemendur hafa tækifæri til að koma á framfæri og ræða líðan og viðhorf. Ábendingar eru teknar til greina og niðurtöður kannana eru nýttar til umbóta.

Niðurstöður Skólapúlsins í 6. -10. bekk sýna áfram jákvæða þróun í skóla- og bekkjaranda, fleiri mættu eiga auðveldara með að eignast vini og finnast þeir tilheyra nemendahópnum. Nemendur virðast eiga gott samband við kennara sína og agi í tímum er svipaður hér og á landsvísu. Það er ánægjulegt að sjá að innleiðing leiðsagnarmats skilar sér til nemenda.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,4	145	0,1	4,9	17.727	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	144	0,4	4,9	17.936	0,0
3.3. Agi í tímum	4,8	144	0,3	4,9	17.914	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,6	142	0,2	4,9	17.850	-0,3*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	143	0,3	4,9	17.857	0,3*

Þegar nemendur eru spurðir um almenna líðan síðasta sólarhringinn þá líður þeim ekki nógu vel. Margt getur haft áhrif þar á utan skóla en við vinnum markvisst að því innan skóla að bæta líðan nemenda. Helst er það streita, kvíði og áhyggjur sem draga úr vellíðan þeirra samkvæmt könnuninni. Því miður sjáum við að sjálfsálit nemenda hefur ekki batnað en einelti hefur minnkað.

Hér er sóknarfæri í að allir nemendur upplifi sig sem hluta af skólasamfélaginu. Mikilvægt er að nemendum líði vel í skólanum og að þeir upplifi að þeir geti haft áhrif með tækifærum til að tjá skoðanir sínar. Kennarar og starfsfólk nýti viðmið um góða kennslustund í Breiðholtsskóli og ileinki sér árangursríka bekkjarstjórnun til að ýta undir betri líðan nemenda.

Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis

Menntastefna Reykjavíkurborgar- ekki metið 2025-2026

Stefna skólans – ekki metið 2025-2026

Leiðsagnarnám- ekki metið 2025-2026

Hvað er búið að rýna í þetta skólaár:

Líðan starfsmanna – starfsmannakannanir, stofnun ársins, foreldrakönnun, Gæði kennslustunda, viðmið um fyrirmyndarkennslustund- upphaf, uppbyggingu og lok.

Tækifæri til gagns og umbóta

Við skoðun á þessum þætti var unnið að því að efla gæði kennslustunda og tryggja samræmda faglega sýn á árangursríka kennslu. Hér er tækifæri til að innleiða og festa í sessi gátlista fyrir fyrirmyndarkennslustundir. Það er mikilvægt að auka jafningjamat og samráð kennara umskipulag kennslu. Halda skal áfram reglulegum innlitum og nýta niðurstöður markvisst í starfsþróun og nýta niðurstöður í til dæmis starfsþróunarsamtölum.

Afrakstur af þessari vinnu eru gátlistar sem skólastjórnendur og samkennarar hafa til að meta gæði kennslu og er hluti af lifandi langtímaáætlun sem getur tekið tekið breytingum eftir aðstæðum hverju sinni.

Þessir gátlistar verða áfram innleiddir á næsta skólaári og eiga að vera okkur hjálplegir til umbóta í skólastarfinu. Við teljum að teymisvinna á stiginum geti hjálpað okkur að vera með meira utanumhald í sambandi við reglur á stiginu. Öll skólastigin byrji skólastarfið eða daginn á sama hátt á morgnana og endi skólastarfið á sama hátt í lok dags. Þannig myndast festa og samfella í skólastarfinu.

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar leiddu í ljós að þörf var á að skoða og rýna stjórnunarþáttinn betur. Stjórnendateymið þarf að skerpa á starfslýsingum sínum og skýra markvisst hver gerir hvað. Í foreldrakönnuninni kom fram að stjórnendur eru sýnilegir og til staðar í daglegu starfi en um 18% telja skólanum ekki vel stjórnað. Það er áskorun fyrir stjórnendur að vinna upp traust foreldra og viðhalda því. Stjórnendateymið er sex manna teymi sem tekur þessum ábendingum alvarlega og hefur gert ýmislegt til að efla teymið. Má þar nefna ráðgjöf frá stuðnings- og ráðgjafateymi SFS, námskeiðið Menning sem mótar og námsstefna Félags- stjórnenda í Reykjavík. Samkvæmt starfsmannakönnuninni Stofnun ársins koma þættir eins og stjórnun og starfsandi vel út.

Þar koma líka aðrir stjórnunapættir vel út eins og jafnrétti, sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi. Ímynd skólans út á við er áskorun sem vinna þarf markvisst að því að bæta.

Foreldrar kalla eftir markvissari upplýsingagjöf á Mentor og vinnu með hæfniviðmið og námsmat og að það sé samræmi milli stiga. Í foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs á vorönninni kemur fram að um 10% foreldra finnst vanta betra upplýsingaflæði. Aðrir eru sáttir eða mjög sáttir. Facebook síða skólans hefur verið lífleg en færri foreldrar virðast nýta sér heimasíðuna til að afla sér upplýsinga eða fréttar af skólastarfinu.

Umsjónarkennarar eru mjög virkir við að senda föstudagspósta og stjórn skólans hefur sent frá sér ítarleg fréttabréf af starfinu annan hvern mánuð auk örfrétta í tengslum við uppákomur og viðburði. Stjórnendur héldu aftur foreldramorgna í febrúar að ósk foreldra og nýttu hann til fræðslu um matsferil, hæfniviðmið og námsmat. Einnig var fræðsla með Brúarsmiðum og foreldrum á 6 mismunandi tungumálum. Öllu þessu var mjög vel tekið og kallað eftir meira svona samstarfi.

Námsárangur nemenda

- Lesfimi MMS_ rýna niðurstöður – styrkleika og veikleika

Innleiðing PALS hefur gengið mjög vel og árangur nemenda er í samræmi við það.

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins hefur ánægja nemenda af lestri staðið í stað en er 0,1 stigi yfir landsmeðaltali, þrautsegja í námi og trú á eigin námsgetu hefur aukist sem og áhugi á stærðfræði og náttúrufræði.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matspættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	152	0,0	4,3	17.832	0,1
1.2. Þrautsegja í námi	4,3	151	0,3	4,6	17.991	-0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,9	150	0,4	4,7	18.267	0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,7	150	0,4	4,6	18.248	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	147	-	4,8	17.944	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	149	0,5	4,9	18.200	-0,4*

Meðaltals niðurstöður úr lesfimi í maí er í langflestum hópum 9 og 8 í einstaka hópum en það telst svipað og frammistaða jafnaldra á landsvísu. Lesskilningur nemenda kom

ánægjulega á óvart miðað við að 60% nemenda tala íslensku sem annað mál. Þar voru flestir hópar með 8 að meðaltali, einn hópur skar sig úr með 7 en þar eru mjög hátt hlutfall af nemendum sem hafa komið til landsins fyrir 4 árum eða skemur. Þetta telst mjög góður árangur miðað við samsetningu nemendahópsins. Í stærðfræði var meiri dreifing á hópunum en meðaltalið dreifðist jafnt frá 8 – 10. Áfram verður unnið markvisst að því að efla kennslu í stærðfræði og vinna með gagnreyndum aðferðum PALS í lestri. Auk þess verður unnið að þróunarverkefni í samstarfi við aðra skóla í hverfinu að innleiðingu PALS – Starling orðaforðavinnu.

Mikilvægt er að rýna til gagns niðurstöðurnar með það fyrir augum að bæta lesfimi og almenna námsframvindu nemenda. Hér eru tækifæri til að greina niðurstöður lesfimimælinga reglulega og bregðast við með markvissum aðgerðum. Einnig þarf reglulega að enduskoða og innleiða stuðningsúrræði fyrir nemendur sem þurfa aukna aðstoð. Mikilvægt er að auka samræður milli skólastiga um framgang nemenda.

Menntastefna og stefna skólans- ekki metið 2025-2026

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Í Breiðholtsskóla er lögð sérstök áhersla á læsi, ÍSAT (íslensku sem annað tungumál) og félagsfærni og forvarnir.